

Sp.

63. Tillaga til þingsályktunar

[57. mál]

um fæðingarorlof kvenna í sveitum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Finnur Torfi Stefánsson,
Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að eiginkonur bænda og aðrar útivinnandi konur í sveitum fái notið fæðingarorlofs er jafngildi þeim fæðingarorlofsgreiðslum sem nú eru í gildi.

Greinargerð.

Um árábil hafa konur, félagar í verkalýðsfélögum, fengið greitt fæðingarorlof. Þessar greiðslur hafa nýverið hækkað allverulega og nema nú 426 þúsund krónum miðað við 90 daga orlof vegna barnsfæðinga.

Á síðasta ári greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður 295.5 milljónir króna í fæðingarorlof, en ætla má að heildarfjárhæð í ár verði 450 milljónir króna eftir hækkunar, sem nýlega voru ákveðnar.

Tilgangurinn með þessum greiðslum er að bæta mæðrum tekjutap, sem þær verða fyrir, vinni þær utan heimilis og kaupgreiðslur til þeirra falli niður vegna fjarveru frá störfum í tengslum við barnsfæðingar.

Meðal kvenna í sveitum, sem enga aðild eiga að stéttarfélögum, eru þessar orlofsgreiðslur óþekktar. Í þessu felst mikið misrétti, stéttamisrétti, sem ástæða er til að vekja athygli á og færa til betri vegar.

Samkvæmt búreikningum er vinnutími eiginkvenna bænda, utan heimilis, 800 klukkustundir á ári. Hinn 1. mars s. l. var tímakaup þeirra í dagvinnu 703 krónur, 984 krónur í eftirvinnu og 1266 krónur í nætur- og helgidagavinnu. Lætur nærri að vikulaun hafi numið tæplega 41 þúsund krónum og árslaun 2.1 milljón.

Þótt vinnutími til sveita sé mjög óreglulegur, ef miðað er við fastan vinnutíma fólks í stéttarfélögum, mun varla hvarfla að nokkrum manni að draga í efa hina miklu vinnu sveitakvenna utan heimilis. Vinna þeirra er ekki bundin við virka daga, — hana verður að inna af hendi 365 daga á ári.

Samtök bænda hafa ekki getað tryggt þessum hópi kvenna fæðingarorlof. Hér verður enginn dómur á það lagður hvort ástæðan er áhugaleysi eða fjárskortur. Hins vegar er ljóst að stofna hefði átt sjóð til greiðslu fæðingarorlofs og í hann hefði átt að renna fjármagn frá bændum sjálfum, sbr. greiðslur félaga í verkalýðsfélögum, og að hluta fjármagn frá viðskiptaaðilum bænda.

Með þessari tillögu er borin fram sú ósk, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að sjálfsögð réttindi sveitakvenna verði að veruleika. Æskilegt er að setja lög um þetta efni og að þau tengist endurskoðun á almannatryggingakerfinu.